

# Akureyri

Júlí 2022

Eflum norðlenska verslun

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

RITFORM


GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA Í YFIR 30 VERSLUNUM
OG VEITINGASTÖÐUM Á GLERÁRTORGI

PANTAÐU GJAFAKORT Á GLERARTORG.IS



# Fljúgandi start hjá Niceair




■ **„Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að beint millilandaflug frá Akureyri sé stærsta varanlega lyftistöngin fyrir okkar svæði," segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Niceair.**

**Við erum mjög þakklát fyrir viðtökurnar og góðar bókanir í ferðir okkar strax á fyrstu vikunum sem óhætt er að segja að séu umfram björtustu vonir," segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Niceair, sem hóf millilandaflug frá Akureyrarflugvelli í byrjun júnímánaðar. Það eru að sönnu mikil tímamót að norðlenskt fyrirtæki ráðist í millilandaflug frá Akureyri og veruleg lífsgæðaaukning fyrir íbúa á Norður- og Austurlandi að eiga þess nú kost að fljúga beint til erlendra áfangastaða frá höfuðstað Norðurlands. Þorvaldur Lúðvík hefur lengi verið talsmaður þess að önnur gátt en Keflavík opnist í millilandaflugi frá Íslandi og er ekki í vafa um að flugið muni styrkja búsetu og atvinnulíf á þessum hluta landsins. Sem stendur eru starfsmenn Niceair um 20 talsins.**

**Breski markaðurinn mikilvægur**

Niceair boðaði á vormánuðum vikulegt flug til og frá Akureyri og þriggja áfangastaða, þ.e. Kaupmannahafnar, London og Tenerife. Flogið er á fimmtudögum og sunnudögum til Kaupmannahafnar, á miðvikudögum til Tenerife og áformað var að fljúga til London á föstudögum og mánudögum en þrátt fyrir þau leyfi sem höfðu verið gefin út af þarlendum yfirvöldum drógu þau að sér hendur á síðustu stundu og heimiluðu félaginu ekki að fljúga með farþega úr landi. Þetta segir Þovaldur Lúðvík fyrst og fremst til komið vegna brotthvarfs Bretlands úr Evrópusambandinu. Niceair þurfti því að fella niður áætlunarflug til London á meðan fundin verði lausn á málinu sem Þorvaldur Lúðvík segir í vinnslu. Til lengri

▼





**Útgefandi:** Ritform ehf. í samvinnu við Kaupmannafélag Akureyrar.

**Útgáfustjóri:** Valþór Hlöðversson.

**Ritstjóri:** Jóhann Ólafur Halldórsson, (ábm).

**Umsjón, textavinnsla og umbrot:** Ritform ehf.

**Forsíðumynd:** Jóhann Ólafur Halldórsson.

**Auglýsingar:** Inga Ágústsdóttir. inga@ritform.is

**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.

**Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og visir.is**

**Við erum líka á Facebook!**

RITFORM

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

Gott til endurvinnslu

# CINTAMANI

# Ertu klár í hreyfingu sumarsins?



**Heiðmörk**
kr.39.995,-
2,5 laga hlaupajakki



**Galdraveður**
kr.13.995,-
Dry fit hlaupabolur

**Heiðmörk**
kr.29.995,-
2,5 laga hlaupavesti

SPORTVER

tíma hafi engin breyting orðið á áformum félagsins um flug til London og Manchester í Bretlandi þrátt fyrir þetta enda horfi félagið ekki hvað síst til markaðssetningar á Akureyrarfluginu á breskum markaði næsta vetur.

**Víðtæk áhrif á atvinnulíf og búsetu**

„Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að beint millilandaflug frá Akureyri sé stærsta varanlega lyftistöngin fyrir okkar svæði, bæði til að bæta skilyrði til atvinnuuppbyggingar með fjölgun ferðamanna og til að auka lífsgæði íbúa. Áhrifin eru bæði mikil og fjölþætt,“ segir Þorvaldur Lúðvík.

„Uppbygging Niceair er langhlaup og við eigum nú þegar í samstarfi við erlendar ferðaskrifstofur sem sjá mikil tækifæri í sölu ferða til Akureyrar, bæði að sumri sem vetri. Þetta eru ferðaskrifstofur sem þekkja til Íslands og hafa verið að selja Íslandsferðir og sjá nú tækifæri í markaðssetningu ferða til Akureyrar. Okkar rannsóknir hafa sýnt að ferðavilji á Norður- og Austurlandi er mikill og góður grunnur að byggja á og ofan á það bætist erlendi markaðurinn. Það er ekkert launungarmál að við horfum mikið til þess sem við getum kallað náttúrulega eftirspurn erlendis frá,“ segir Þorvaldur Lúðvík.




■ Airbus vél Niceair í einkennislitum félagsins.

**Flug til Þýskalands næsta sumar**

Til viðbótar við borgarferðir í haust, hefur Niceair uppi áform um að bæta við flugi til Manchester og Þorvaldur Lúðvík segir jafnvel stefnt að reglubundnu flugi til Þýskalands næsta sumar. Þetta er í takti við stefnu félagsins að leggja áherslu á vetrarferðir á breskum markaði og sumarferðir til og frá Þýskalandi. Sala flugsæta til Tenerife næsta vetur gengur vel og flugið til Kaupmannahafnar hefur sömuleiðis farið mjög vel af stað. Þorvaldur Lúðvík segir að bæði séu helgarferðir til Kaupmannahafnar vinsælar en einnig er mikið um að farþegar nýti þann legg til að taka tengiflug áfram frá Danmörku út um heim.

„Við finnum mjög greinilegan ferðavilja fólks og mikinn velvilja sem gefur okkur byr í seglin. Sumarið er strax orðið umfram okkar væntingar og við erum bjartsýn á góðan árangur Niceair á komandi vetri,“ segir hann.

**niceair.is**







# Samgöngu-minjasafnið Ystafelli

**Safnið verður opið út september, alla daga frá 11:00 til 18:00.**

Aðgangseyrir er 1.200 krónur
og frítt fyrir yngri en 12 ára.

**Samgönguminjasafnið Ystafelli**

Ystafelli 3 - 641 Húsavík
Sími 464 3133 og 861 1213
sverririfelli@gmail.com - www.ystafell.is

# Ferðumst saman í sumar!

britax



## Öryggi - ending - þægindi!

Þú færð Britax barnabílstólana í AB varahlutum.

**Sendum frítt**

þegar þú verslar á

**akureyri.ab.is!**




AB VARAHLUTIR

**Við erum í Frostagötu 2!**

við Norðurtorg

britax

**AB varahlutir**

**Frostagötu 2A - Akureyri**

SJÓVÁ

Sími 415 6 415 - Opið 8-18 virka daga og 10-14 á laugardögum



■ Laufásbær hefur mikla sögu að segja.



■ Á Minjasafninu er sýning þar sem tónlistarbænum Akureyri er gerð skil.

# Verðlaunað Minjasafn á afmælisári

**Minjasafnið á Akureyri, sem fagnar 60 ára afmæli í ár, hlaut nývverið Íslensku safnaverðlaunin 2022 fyrir framúrskarandi safnastarf. Safnið er í einum elsta garði landsins í elsta bæjarhluta Akureyrar, Innbænum, og í tilefni af afmælisárinu er sérstakt afmælisverð á aðgöngumiða að safninu, 2000 kr. Miðinn gildir í öll söfnin fimm sem tilheyra Minjasafninu, þ.e. Davíðshús, Nonnahús, Leikfangasafnið og Gamla bæinn í Laufási, auk sýninga á Minjasafninu sjálfu. Og kaffi í kaupbæti!**

**Leikföng, Nonnahús og heimili Davíðs frá Fagraskógi**

Sýningar Minjasafnsins eru fjölbreyttar, fróðlegar og fjölskylduvænar. Í sumar gefur þar að líta sýningarnar; Ástarsaga Íslandskortanna, dönsku ljósmyndasýninguna Í skugganum sem opnar í september, ásamt Akureyri 1809/1862, Akureyri bærinn við Pollinn og Tónlistarbærinn Akureyri.

Í Nonnahúsi við hlið Minjasafnsins er að finna sögu drengsins sem varð jesúítaprestur og barnabókarithöfundur. Bækur Jóns Sveinssonar, Nonna, hafa verið gefnar út árum saman út um allan heim á fjölmörgum tungumálum, jafnvel kínversku og esperanto. Steinsnar frá Nonnahúsi er Friðbjarnarhús sem hýsir Leikfangasafnið þar sem gestir á öllum aldri verða börn um stund.

Davíðshús er ein af perlum Akureyrar en þar var heimili Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi sem samdi fjölda ljóða sem allir þekkja. Heimsókn í Davíðshús er í senn heimsókn á heimili frá sjötta áratugnum en einnig heimsókn á listasafn því Davíð var fagurkeri á fleira en orðsins list. Boðið upp á ferðalag um Davíðshús með leiðsögn kl. 13, 14 og 15 frá þriðjudegi til laugardags.



■ Hús Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.



■ Leikfangasafnið í Innbænum á Akureyri kallar fram börnin í öllum gestum, eldri sem yngri.

**Sögulegar minjar í Laufási**

Minjastaðurinn Laufás er eftirsóttur af erlendum og innlendum ferðamönnum og ekki að ástæðulausu. Í Laufási fara saman náttúrufegurð og minjar sem hafa mikla sögu að segja. Laufásbærinn er búinn eins og hann var á 19. öld og er stigið aftur í tímann þegar gengið er inn göngin í Laufási sem erlendir ferðamenn segja að sé eins og skotgrafir.

Viðburðir safnanna verða fjölbreyttir í sumar og verða auglýstir á vef safnsins minjasafnid.is og samfélagsmiðlum. Farnar verða gönguferðir um Innbæinn, Nonnaganga og Skólaganga í ágúst. Tónleikar verða á sviði sýningarinnar Tónlistarbærinn Akureyri og í Davíðshúsi eru reglulega haldnar skáldastundir og ýmiskonar uppákomur.

**minjasafnid.is**


blómaval
HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG
FYRIR ÞIG
Köttum niður verðið
Allt að 50% afsláttur
ÚTSALA
Nýtt blað
á husa.is
Skoðaðu
öll tilboðin
Sumarútsalan er hafin
ÚTSALA
Köttum niður verðið
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Nóg til af brókum og sokkum í sumar!

**Við erum sannfærð um að þetta sumar verður frábært í verslun eins og síðustu sumur og við erum mjög spennt að taka á móti viðskiptavinum í sumar, ekki síst innlendu ferðafólki sem heimsækir Akureyri og lítur við hjá okkur. Og svo auðvitað okkar stóra og góða hópi reglulegra viðskiptavina,“ segir Jón M. Ragnarsson í verslununum JMJ og Joe‘s í miðbæ Akureyrar.**

**Brækur og sokkar runnu út**

Jón segist hafa mikla trú á að stór hópur Íslendinga hafi komist á bragðið að ferðast um landið síðustu sumur og haldi því áfram þó takmarkanir séu nú að baki og leiðirnar liggi víðar. Akureyri sé án nokkurs vafa í stöðugri sókn og staður sem sé mjög ofarlega á blaði hjá landsmönnum þegar spurt er um hvert leiðin liggi innanlands í sumarfríinu.

„Síðasta sumar var frábært í verslun hjá okkur og við höfum ekki trú á öðru en við fáum líka fullt af fólki til bæjarins í sumar. Þegar fólk er í fríi og er að njóta lífsins þá nýtir það sér verslun og þjónustu og til að mynda var nú ástandið hjá okkur þannig í fyrrasumar að brækur og sokkar seldust nánast upp! Það gerist sko ekki aftur því við erum með nóg af brókum á lager, sem og öllum öðrum herrafatnaði,“ segir Jón og hlær.

**Desoto línan að slá í gegn**

Herratískan er síbreytileg og fjölbreytt. „Sem dæmi erum við með klassískan fatnað fyrir herra á öllum aldri og líka mjög frísklegan og litríkan sumarfatnað frá þýska framleiðandanum Desoto. Þetta eru „super-stretch“ polo-bolir og stutterma-skyrtur úr 100% bómull sem eru algjörlega að slá í gegn um þessar mundir víðs vegar um Evrópu. Þessa línu eigum við í miklu úrvali, alls kyns mynstur og fjölmarga litir. Nú þegar við njótum sumarsins og sólarinnar finnum við að karlarnir eru alveg til í að klæða sig litríkt og flott,“ segir Jón.



■ Þrír ættliðir hafa verið við afgreiðslu í JMJ og Joe‘s síðustu vikur. Standandi eru þeir feðgar og kaupmenn; Ragnar Sverrisson og Jón M. Ragnarsson og á milli þeirra Kjartan Jósavinsson, afgreiðslumaður. Sitjandi er Sara Sverrisdóttir, sonardóttir Ragnars.



N1
Vegabréf
Stimplar, glaðningar, vinningar og minningar
Við erum byrjuð að stimpla og deila út glaðningum á N1 um allt land. Er ekki nýja N1 vegabréfið tilbúið í ævintýri sumarsins? Svo skilar þú því fullstimpluðu til að eiga möguleika á glæsilegum vinningi í leikslok!
Sjáumst í sumar!
1 Haribo 10 g
2 Lay's snakkpoki Sour Cream & Onion eða Salted 27,5 g
3 Coca-Cola Lime án sykurs 250 ml
4 Trítlar Litaðu umbúðirnar! 40 g
5 Kókómjólk 250 ml
6 Extra Sweet Mint tyggjópakki
7 Bubs hlauppoki 20 g
ENNEMM / SÍA / NM-011111
#vegabréf22
N1 ALLA LEIÐ

Húsasmiðjan og Blómaval

# Jákvæð viðbrögð við nýju versluninni




■ Reiðhjólin renna út í bókstaflegri merkingu!



■ Nýja timburafgreiðslan er bylting í þjónustu við viðskiptavini.




■ Blóm og gjafavara í Blómavali.

**Við höfum fengið ótrúlega mikil og jákvæð viðbrögð við nýju versluninni," segir Kristín Dögg Jónsdóttir, verslunarstjóri Húsasmiðjunnar á Akureyri. Verslanir Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískrafts fluttu í mars síðastliðnum í nýtt og glæsilegt húsnæði við Freyjunes 1-3 á Akureyri og hafa viðtökur verið einkar góðar, mikill straumur viðskiptavina að skoða og versla.**

Kristín Dögg segir ótrúlega mikla breytingu hafa orðið við flutninginn, nýja húsnæðið sem er sérhannað fyrir verslunina bjóði upp á þægilegt vinnuumhverfi, rekkar séu frekar lágir og því góð yfirsýn yfir alla verslunina sem bæði komi sér vel fyrir starfsfólk og viðskiptavini. „Verslunin er frekar opin, engin lokuð rými með háum hillum lengur og allir því vel sýnilegir. Við höfum fengið mikið hrós fyrir verslunina og viðskiptavinum líður greinilega vel hér inni," segir hún.



■ Kristín Dögg Jónsdóttir, verslunarstjóri, í grilldeildinni. Grillin rjúka út þessa dagana líkt og margt annað sem tengist pallinum og garðinum.

**Allt sem tengist pallinum vinsælt**

Mikið hefur verið að gera frá því verslunin var opnuð og viðskiptavinir verið að huga að árstíðabundnum vörum að undanförnu. Fólk er að huga að pallinum, það þarf að olíubera, aðrir eru að smíða pall og vantar pallaefni eða húsgögn til að hafa það notalegt á pallinum í sumar. „Við erum með mikið úrval af öllu sem tengist pallinum, fengum sem dæmi nýja sendingu fyrir skömmu af garðhúsgögnum og erum með gott úrval. Fólk vill hafa fín og þægileg húsgögn þar líka," segir Kristín Dögg.




■ Ljós og húsbúnaður hvers konar í úrvali.

Þá hafa sumarblómin rokið út eins og vera ber á fyrstu dögum sumarsins en í Blómavali er úrvalið fjölbreytt og gott bæði af sumarblómum og öðrum fallegum sumarvörum. „Það er alltaf líflegt í Blómaval en aldrei eins og þegar fólk er að velja sér plöntur til að skreyta með í kringum sig."

Reiðhjól hafa selst vel í vor og upphafi sumars, bæði hjól fyrir börn og fullorðna. Vinsældir hjólreiða eru fjarri því að dvína.

**husa.is**
**blomaval.is**


KRÓNAN
Við elskum ferskleika, hollustu og umhverfismál
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!
KRÓNAN 9-21
KRÓNAN 9-21
Pssst ...
Við opnum á Hvannavallarreit síðla árs 2022
Afgreiðslutímar á www.kronan.is



■ Ragna Þórisdóttir og Kristinn Helgi Ólafsson í Húsgagnahöllinni við Dalsbraut bjóða viðskiptavinum fjölbreyttar vörur til heimilisins; allt frá gjafavöru og húsbúnaði upp í stærri húsgögn.

## Húsgagnahöllin, Dorma og Betra bak

# Stórt þjónustusvæði

**Við erum alltaf að fá eitthvað nýtt og spennandi og finnum vel að okkar viðskiptavinir kunna að meta það," segir Ragna Þórisdóttir verslunarstjóri í Húsgagnahöllinni við Dalsbraut. Þar eru þrjár verslanir í eigu sömu aðila undir sama þaki, Húsgagnahöllin, Dorma og Betra bak. Úrvalið er því afar fjölbreytt, allt frá smávöru og upp í stærri húsgögn eins og sófa og rúm. „Hér er allt til sem gerir hús að heimili," segir hún.**

**Stórt þjónustusvæði**

Ragna segir að verslanirnar þjónusti stórt svæði, enda séu sérverslanir með húsgögn ekki fyrir hendi vestan og austan Akureyrar og leiti íbúar gjarnan eftir því sem þá vanhagar um til Akureyrar. „Við seljum mjög mikið austur á land, þar er stór hópur viðskiptavina okkar og við finnum fyrir því að lágt sendingargjald sem við bjóðum upp á hefur vakið mikla lukku hjá þeim," segir hún. Eitt fast gjald er fyrir sendingu og er það 14.900 krónur, sama hversu stór sendingin er að umfangi.

Á vormánuðum sendi Húsgagnahöllin frá sér tímarit og kunnu viðskiptavinir vel að meta það. „Fólk er að fletta ritinu og fær hugmyndir og innblástur sem gagnast við að hanna eigin heimili," segir hún, en í ritinu var m.a. að finna viðtöl við fólk, innlit á heimili og kynning á merkjum/vöruúrvali í versluninni.



■ Húsgögnin á pallinn. .



■ Gæði og glæsileiki frá Svíþjóð. Timeless sófar og Timeout stólar.



■ Kristalsskorin vínglös úr plasti – fullkomin í garðveislu sumarsins.

**Rut Kára hannar nýjar mottur**

Um þessar mundir eru að koma í verslanir nýjar mottur sem Rut Kára hefur hannað í samstarfi við Húsgagnahöllina. Um er að ræða þrjár gerðir. „Við erum mjög spennt að sýna viðskiptavinum okkar þessa nýjung og ég held þeir verði ánægðir með afraksturinn."

Þá nefnir Ragna að alls kyns nýjungar séu að berast í verslunina af merkjum í smávöru. Ný lína af léttum plastglösum er þar á meðal, en þau henta einkar vel á pallinn, í pottinn og ferðavagnana.

**husgagnahollin.is**
**dorma.is**
**betrabak.is**




Sumarið er komið

Desoto skyrtur

Alberto buxur

DESOTO

ALBERTO
Pants We Love

JMJ
Herradeild
SÍMI 462 3599
-Fötin skapa manninn

**Opið: Mán - fös 10 - 18 Lau. 11 - 16**
**JMJ og Joe´s eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri**

# Sumarlegt og ljúffengt frá Kjarnafæði Norðlenska





## Lambasalat með kryddjurtum, sítrónusafa og parmesan

**Innihald**

*2 pakkar black garlic lamba-ribeye frá Kjarnafæði*
*1 poki klettasalat*
*1 búnt basilíka, söxuð*
*safi úr 1/2-1 sítrónu*
*góð ólífuolía*
*baunaspírur (ég notaði radísuspírur)*
*parmesanostur, rifinn í þunnar sneiðar*
*1 askja kirsuberjatómatar, skornir í tvennt*
*1/2-1 rauðlaukur, skorinn í þunnar sneiðar*

**Aðferð**

1. Grillið lambakjötið. Látið standa í 5 mínútur áður en það er skorið í sneiðar.
2. Blandið klettasalati, basilíku, tómötum, rauðlauk og spírum saman í skál. Kreystið sítrónusafa yfir og dreypið smá ólífuolíu yfir allt. Blandið vel saman. Bætið við parmesan og kryddið með salti og pipar.
3. Blandið lambakjötinu saman við og njótið.

NORÐLENSKA

KJARNAFÆÐI

## Kolagrillað lamba prime með grísku salati og myntu chimichurri

**Innihald**

*2 pakkningar Goða lambaprime í hvítlauks og rósmarín marineringu, um 900-1000g.*
*1 poki veislusalat*
*1/2 poki klettasalat*
*1 box kokkteil tómatar skornir í tvennt*
*1/2 agúrka skorin í bita*
*1/4 rauðlaukur skorinn í þunnar sneiðar*
*20 svartar ólífur skornar í tvennt*
*1 krukka fetaostur eftir smekk*

**Myntu Chimichurri**

*Fersk steinselja án stilka, magn á við hnefa (ca. hálfur poki)*
*Fersk mynta án stilka, magn á við hnefa (ca. hálf pakkning)*
*2 hvítlauksif skorin gróft*
*1 dl góð ólífuolía*
*2 msk rauðvínsedik*
*1/2 tsk chiliflögur*
*1 tsk sjávarsalt (alls ekki nota venjulegt borðsalt)*
*1/4 rauðlaukur skorinn mjög smátt*

Setjið allt nema rauðlaukinn í matvinnsluvél og látið hana vinna maukið smátt. Setjið svo rauðlaukinn saman við og berið fram með lambinu.

NICEAIR

North Iceland

# Nú er styttra til Köben en Keflavíkur

Góða ferð!

niceair.is

# Jóhanna Guðrún spennt fyrir Chicago

**Óhætt er að segja að Leikfélag Akureyrar tjaldi öllu til á komandi leikári því þann 27. janúar verður Chicago, einn frægasti söngleikur heims frumsýndur í Samkomuhúsinu. Verkið hefur einu sinni áður verið flutt hér á landi í atvinnuleikhúsi, þ.e. í Borgarleikhúsinu árið 2005 og raunar tveimur árum áður í Samkomuhúsinu á Akureyri þegar Leikfélags Menntaskólans á Akureyri setti verkið á svið.**

Söngkonan Jóhanna Guðrún mun fara með eitt stærsta hlutverk sýningarinnar, hlutverk Velmu og hún segist mjög spennt fyrir vetrinum.

„Það er mjög spennandi að koma norður og Velma er mjög skemmtilegt hlutverk fyrir mig,“ segir Jóhanna Guðrún. „Ég hef ekki sungið þetta hlutverk áður en það að takast á við söngleik



■ **Jóhanna Guðrún segir tilhlökkunarefni að takast á við hlutverk Velmu í söngleiknum Chicago.**

verður bæði krefjandi og skemmtilegt. Spennandi að fá tækifæri til að samtvinna leik, söng og dans. Þetta verður




mín fyrsta eiginlega leikhúsuppfærsla og verður á þann hátt nýtt skref á mínu ferli,“ segir Jóhanna Guðrún. Æfingar fara í fullan gang í nóvember og hún mun því dvelja mikið norðan heiða í árslok. „Þetta bætist ofan á önnur verkefni í kringum jólatörnina, sem er bara skemmtilegt. Það verður nóg að gera,“ segir hún.

Forsölutilboð á miðum á Chicago er þegar hafið og mun gilda til 15. október.

**mak.is**




Sumarið er tíminn

CLEAN CUT COPENHAGEN

Clean Cut Bolir og buxur



Joe's
Tískuverslun
SÍMI 462 6200
AKUREYRI

**Opið: Mán - fös 10 - 18 Lau. 11 - 16**
**Joe´s og JMJ eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri**

# Töfraveröld Skógarbaðanna



■ Víðsýnt er úr Skógarböðunum.



■ Tinna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Skógarbaðanna.

**Aðsóknin hefur verið virkilega góð á þessum fyrstu vikum frá því við opnuðum og ég held að við höfum hitt á hárréttan tímapunkt fyrir opnun. Við finnum fyrir miklum áhuga bæði erlendis og innanlands og gerum ráð fyrir miklum fjölda gesta í sumar," segir Tinna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Skógarbaðanna gegnt Akureyri, aðspurð um viðbrögð gesta við þessum nýjasta baðstað landsmanna.**

**Eins og töfraveröld**

„Við höfum nú þegar fengið margar og jákvæðar umfjallanir erlendis og því vita margir erlendir ferðamenn af okkur. Hingað til hafa innlendir og erlendir gestir verið nokkurn veginn til helminga en við reiknum fastlega með að innlendir baðgestir sæki á þegar hápunktur sumarleyfanna nálgast," segir Tinna og svarar því aðspurð að gestir Skógarbaðanna beri mikið lof á aðkomu þeirra, vandaðan frágang hvert sem litið er, sem og stærð hússins og baðanna sjálfra.

„Fólk talar um að það sé eins og í töfraveröld þegar það gengur hér upp að húsinu. Við lögðum líka mikla áherslu á að allt væri frágengið og fyrsta flokks þegar við opnuðum í maí.



■ Skógurinn, sumarið, sólin og notaleg böðin. Ávísun á fullkomna hvíldarstund.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að Skógarböðin eiga eftir að styðja vel við ferðaþjónustu á Akureyri og hér á svæðinu árið um kring," segir Tinna.

**Einstök veðursæld**

Böðin sjálf eru stór og rúmgóð, fjölbreytt laugarsvæði og gufubað. Opið er frá kl. 10 á morgnana til miðnættis. Tinna segist vonast til að geta haldið þeim opnunartíma á komandi vetri enda verði vafalítið ekki síðri upplifun að vera í böðunum að vetri en sumri. Veðursældin á staðnum sé einstök.

„Útsýni er frábært úr böðunum og einstaklega veðursælt í skógarrjóðrinu. Það er því sannarlega hægt að njóta þess að vera hjá okkur, bæði í böðunum og á veitingastaðnum okkar sem býður smárétti og aðstöðu bæði innandyra og utan. Hér er tilvalið að njóta kyrrðarinnar."

Hægt er að bóka aðgang á heimasíðu Skógarbaðanna.

**forestlagoon.is**


AKUREYRI
Það er
eitthvað
við hana
halloakureyri.is

### Ásthildur Sturludóttir heldur áfram starfi bæjarstjóra á Akureyri

# Bjartsýni á framtíðina

**Ég er afskaplega ánægð með að vera hér áfram og það sama má segja um alla í fjölskyldunni. Okkur líkar vel á Akureyri,“ segir Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri. Hún gegndi starfi bæjarstjóra á síðasta kjörtímabili og ný bæjarstjórn hefur endurnýjað samning við hana þannig að hún starfar áfram næstu fjögur árin sem bæjarstjóri á Akureyri. „Ég er afar auðmjúk yfir því að hafa verið beðin um að vera áfram og stolt líka. Þetta er mjög skemmtilegt starf sem gaman er að sinna.“**

Ásthildur flutti ásamt fjölskyldu sinni til Akureyrar um mitt ár 2018 þegar hún tók við starfi bæjarstjóra. Hún segir að á þeim fjórum árum sem liðin eru hafi fjölskyldan fest rætur í bænum. Eiginmaðurinn Hafþór Jónsson sé kominn út í fyrirtækjarekstur og dóttirin syngi hástöfum í tíma og ótíma; Eyjafjörður er fagur. „Við hefðum verið hér áfram hvort sem ég hefði verið bæjarstjóri eða farið í önnur verkefni. Við viljum hvergi annars staðar vera og þetta er draumastaðan fyrir okkur öll,“ segir hún.



■ **Fjölskyldan sæl og ánægð með lífið á Akureyri. Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri og Hafþór Jónsson með dótturina Lilju á góðri stundu.** Mynd: Ragnar Hólm

**Hraustlega tekið í handbremsuna**

Ásthildur segir að á miðju síðasta kjörtímabili þegar ákveðið var að allir flokkar legðust á eitt við stjórnun bæjarins hafi hraustlega verið tekið í handbremsuna. „Það skilaði sér sem betur fer vel og sýndi að ákvörðunin var rétt,“ segir hún. Vissulega hafi þurft að sýna aðhald en nú sé útlit fyrir að bjartari tímar séu fram undan. Íbúum í bænum hefur fjölgað talsvert og tekjur aukist sem þýðir að Akureyrarbær hefur úr meiru að spila. „Fjárhagurinn er enn þungur en það má segja að Akureyrarbær sé eins og gamla frænkan sem á verðmætt safn silfurskeiða inni í skáp hjá sér en hefur kannski ekki alltaf fullt veski af peningum.“

Mikil uppbygging hefur verið á Akureyri undanfarin misseri og verður áfram næstu ár. Framkvæmdum í fyrsta áfanga Hagahverfis fer senn að ljúka og nú er allt að komast á fullt í uppbyggingu tveggja nýrra hverfa í norðurhluta bæjarins. Atvinnulífið er í miklum blóma segir bæjarstjóri. „Það er sama hvar borið er niður, alls staðar er mikið að gera og við finnum hvarvetna jákvæða strauma og mikla bjartsýni fyrir framtíð svæðisins,“ segir Ásthildur.




# Öruggari leið

## í gegnum Vaðlaheiðargöng

veggjald@veggjald.is



VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG



Lindex

# Gefur góð ráð við fataval

**É hversu þakklátar konurnar eru fyrir þessa þjónustu," segir Olga Soffía Einarsdóttir stílisti hjá Lindex, en hún gefur góð ráð og aðstoðar konur við fataval. Í boði er að hitta Olgu í verslunum Lindex á opnunartíma en einnig kjósa sumar konur að nýta tímann áður en opnað er og vera einar í sínum fatahugleiðingum með ráðgjafanum.**

Olga segir að þjónusta af þessu tagi hafi tíðkast víða í útlöndum en ekki í miklum mæli hér á Íslandi. „Þetta byrjaði hjá okkur í miðjum kórónuveirufaraldri, þá var farið að bjóða upp á persónulega þjónustu utan hefðbundins afgreiðslutíma og mæltist hún vel fyrir. Síðan hefur þetta undið heldur betur upp á sig og nú eru nokkur þúsund konur í Facebook hópi sem snýst um þessa þjónustu hjá Lindex," segir Olga en þjónustan er þeim konum sem eftir henni óska að kostnaðarlausu.



**Olga Soffía Einarsdóttir, stílisti hjá Lindex.**

**Fá oft nýjar hugmyndir**

„Það eru margar ástæður fyrir því að konur vilja sérstaka og persónulega þjónustu við fataval. Sumar eru að skipta um vinnu, aðrar að koma úr fæðingarorlofi og vilja breyta til. Það er misjafnt hvað ræður en konum þykir gott að fá ráðgjöf og margar eru opnar fyrir nýjungum sem voru ekki áður inn á þeirra korti. Ég finn að konur fá mikið út úr þessu og eru ánægðar. Þær fara oft út úr versluninni með fullt af nýjum hugmyndum," segir Olga.

Olga segir gott úrval af kvenfatnaði í boði hjá Lindex og þar eigi allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Hún hefur að jafnaði komið að minnsta kosti einu sinni á sumri til Akureyrar og boðið konum að nýta sér persónulega þjónustu við fataval þar. „Ég hef alltaf fengið mjög góðar og jákvæðar viðtökur fyrir norðan," segir hún.

**lindex.is**




Verslun Linex á Glerártorgi á Akureyri.



# Tónlistarbærinn Akureyri



Akureyri, bærinn við Pollinn



Ástarsaga Íslandskortana



Jólasýning

**Opið daglega:** kl. 11-17 1. júní til 31. september / kl. 13-16 1. október til 31. maí

# Fjölskylduvæn söfn og sýningar



Minjasafnið



Nonnahús



Leikfangahúsið



Davíðshús



Laufás

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM
60 ÁRA 1962 2022

**Gildir allt afmælisárið**

**10%** Afsláttur í safnbúð
**10%** Discount in the Museum Shop

**Aðeins 2000 kr.**
**fyrir 18 ára og eldri**

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

60 ÁRA 1962 2022

ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN 2022

Aðalstræti 58 • Akureyri • Sími 462 4162 **minjasafnid.is**

# Góð þjónusta er lykillinn að góðu sambandi ELKO við viðskiptavini




■ Haukur Már Hergeirsson við Weber grillin sem njóta vinsælda hjá viðskiptavinum ELKO.

**Allar götur frá því við opnuðum ELKO á Akureyri árið 2020 höfum við skynjað hversu mikil þörf var fyrir sérhæfða öfluga raftækjaverslun til að þjónusta Norður- og Austurland. Verslunin hefur því algjörlega sannað sig og verið tekið fagnandi af viðskiptavinum,“ segir Haukur Már Hergeirsson, verslunarstjóri ELKO á Akureyri.**

**Mikið úrval og langur opnunartími**

Líkt og í öðrum verslunum ELKO er lagt upp úr því að bjóða gott vöruúrval og veita framúrskarandi þjónustu sem og eftirkaupaþjónustu við viðskiptavini. „Vefverslunin vinnur vel með úrvalinu hér í versluninni, viðskiptavinir hafa gjarnan kynnt sér vörur í vefverslun áður en þeir koma í verslun til þess að klára kaupin,“ segir hann. Verslun ELKO á Akureyri er opin alla daga vikunnar kl. 11-18 nema sunnudaga þegar opið er kl. 12-16. Haukur segist verða mikið var við utanbæjarfólk í verslunarferðum á Akureyri um helgar og langur opnunartími sé því þakklát þjónusta.

**Starfsþjálfun og starfsánægja skiptir miklu máli**

Mikið er lagt upp úr starfsþjálfun í ELKO en vörustjórar ásamt sérstökum þjálfunarstjóra ELKO sjá til þess að sölufulltrúar séu ávallt vel upplýstir um allt sem tengist vöruúrvali fyrirtækisins. Nýlega voru um 30 starfsmenn ELKO sendir á fræðsluráðstefnu á vegum Elkjöp í Noregi og voru þar á meðal tveir starfsmenn ELKO á Akureyri. Ráðstefnan er partur af sérleyfissamningi ELKO við norræna verslunarrisann en tilgangurinn var kynnast öllu því nýjasta í tækni og þjónustu þar sem starfsfólkið fékk upplýsingar beint í æð frá birgjum. ELKO leggur mikið upp úr ánægju bæði viðskiptavina og starfsfólks og til merkis um það fékk ELKO viðurkenningu frá VR á dögunum sem fyrirmyndarfyrirtæki VR 2022 og mældist fyrirtækið í þriðja sæti fyrirtækja á smásölumarkaði í Íslensku ánægjuvoginni.

**elko.is**

# Velkomin í Eyjafjarðarsveit

*kyrrð við bæjardyrnar*





www.esveit.is/velkomin











Akureyrarapótek

# Úrval ofnæmislyfja í lausasölu

**Við bjóðum mikið úrval ofnæmislyfja í lausasölu og þau eru í boði bæði í töflu- og úðaformi. Þetta er veruleg breyting frá því sem áður var þegar lyf af þessu tagi voru að mestu afgreidd í gegnum lækna,“ segir Jónína Freydís Jóhannesdóttir lyfjafræðingur og einn eigenda Akureyrarapóteks.**

Gróðurofnæmi sem margir eru að kljást við er í hámarki um þessar mundir en ofnæmi er af öllu tagi og oft þarf mismunandi ofnæmislyf til að halda því í skefjum. Dýr, t.d. hundar og kettir, og ýmis matvæli eru líka algengir ofnæmisvaldar.




■ Akureyrarapótek er í verslunar- og þjónustumiðstöðinni Kaupangi.

# Sumarafþreying í Dalvíkurbyggð

**Sund og laugar á Dalvík**
Dalvíkurbyggð rekur glæsilega íþróttamiðstöð með sundlaug og heilsurækt á Dalvík. Þangað er tilvalið að skella sér og púla aðeins í ræktinni, synda eða slappa af í heitu pottunum. Úr sundlauginni er dásamlegt útsýni inn í Svarfaðardal og upp til fjalla.

**Opið er í íþróttamiðstöðinni sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| Mánud.-fimmtud. | 06:15-20:00 |
| Föstudaga | 06:15-19:00 |
| Um helgar | 09:00-17:00 |

Á Hauganesi eru heitir pottar í Sandvíkurfjörunni. Þar getur þú skellt þér í sjóinn og notið þess svo að kíkja í heitu pottana. Þar er aðstaða til fataskipta og salerni.



■ Sumarblíða í Sundlaug Dalvíkur.



■ Menningarhúsið Berg.

**Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar**
Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar er í bókasafninu í Bergi menningarhúsi. Þar er að finna upplýsingar um ferðaþjónustu á svæðinu. Netfangið er info@dalvikurbyggd.is, síminn er 846 4908 eða 460 4930. Upplýsingar um ferðaþjónustu má einnig finna á www.visittrollaskagi.is

**Sumaropnun**

| | |
|---|---|
| Mánud. - föstud. | 09:00-17:00 |
| Laugard. | 12:00-17:00 |

**Vetraropnun**

| | |
|---|---|
| Mánud. - föstud. | 10:00-17:00 |
| Laugard. | 13:00-16:00 |



■ Byggðasafnið Hvoll.

**Byggðasafnið Hvoll fyrir alla fjölskylduna**
Byggðasafnið Hvoll á Dalvík er fjölbreytt og skemmtilegt safn fyrir alla fjölskylduna með munum úr byggðarlaginu ásamt sýningum af ýmsum toga. Sýningar tengdar mannlífi og munum og saga þjóðþekktra Svarfdælinga er meðal þess sem finna má á Byggðasafninu. Það er t.d. gaman að kynnast Jóhanni Svarfdælingi, hæsta Íslendingi sem sögur fara af og ekki amalegt að fræðast um Kristján Eldjárn, fyrrum forseta Íslands. Á náttúrugripasafninu er fjöldi íslenskra fugla og spendýra og einstaka gestir úr undirdjúpunum. Þar er líka grasasafn, skeljasafn, eggja- og steinasafn. Frítt fyrir börnin!



■ Jónína Freydís Jóhannesdóttir, lyfjafræðingur, segir breytilegt hvaða ofnæmislyf henti hverjum og einum. Margir kljást t.d. við gróðurofnæmi á þessum árstíma.

**Úrvalið alltaf að aukast**

Jónína segir að úrval lausasölulyfja við ofnæmi sé alltaf að aukast. Í boði séu töflur og hægt að kaupa allt frá 10 töflum minnst og upp í 100 töflur í einu. „Það er gott fyrir fólk sem er að prófa hvað best gagnast við þeirra ofnæmi að þurfa ekki að kaupa of stóra skammta til að byrja með. Við finnum að fólk er ánægt með að hafa þetta val því það getur verið einstaklingsbundið hvaða meðferð gefur bestan árangur,“ segir hún.

Einnig hefur úrvalið af nefúðalyfjum aukist. „Nefúðalyf hafa gefið góða raun gegn árstíðabundnu ofnæmiskvefi. Þetta eru steralyf sem henta mörgum,“ segir hún. Bendir Jónína á að þeir sem notað hafa algeng nefúðalyf t.d. Otrivin eða Nezeril, gegn langvarandi stíflum í nefi gætu tekið sér hvíld frá þeim og prófað steralyf í úðaformi frekar. Þau hafa gagnast þeim vel sem stríða við bólgur í ennis- og nefholum.

Gott er að eiga ofnæmistöflur ef skordýrabit verða mjög rauð og bólgin. Lúsmýið er komið á kreik víðast hvar norðan heiða og geta bit þess valdið útbrotum sem stundum verða ansi svæsin. Segir Jónína að sterakrem hafi reynst vel í þeim tilvikum. „Lúsmýið er hvimleitt og bit þess geta verið skæð en sem betur fer eru til ýmsar varnir.“

**akureyrarapotek.is**



# DORMA

Láttu drauminn rætast





20% AFSLÁTTUR

## ELEGANCE heilsudýna m/Classic botni

Frábær heilsudýna sem hefur verið vinsæl hjá þeim sem velja gæði. Gormakerfi Elegance er mýkra við axlasvæðið og mjaðmir og stífara við miðjusvæði. Dýnan er samsett úr 9 lögum af mismunandi svampi og náttúrlegu latexi sem gerir hana sérstaklega þægilega og hentar hún vel þeim sem vilja miðlungs til mikinn stuðning. Elegance heilsudýnan hefur steypta kanta sem gefa um 25% meira svefnrými og tryggja hámarks endingu dýnunnar. Convoluted svampur (egglaga) er í efsta lagi Elegance en hann gefur virkilega góðan stuðning og hann aðlagast þér hratt og vel. Lögun svampsins gefur einnig meira loftflæði sem auðveldar þér allar hreyfingar og snúning. Ein okkar allra vandaðasta gormadýna.

160 x 200 cm. **Verð: 189.900 kr.**

Nú **161.920 kr.**

20%



## OPUS u-sófi

3Fallegur u-sófi með opið horn hægri..
Dökkgrátt áklæði. 335 x 227 x 90 cm.
**Verð: 309.900 kr.**

Nú **247.920**

20%



## PERUGIA svefnsófi

Mjúkt og vandað vic áklæði (sléttflauel).
Dökkgrátt. 198 x 95 x 87 cm. **Verð: 69.900 kr.**

Nú **55.920 k**

30%



## KOLDING hægindastóll

Vandaður og þægilegur hægindastóll með skammel.
Svartur, dökkgrár eða rauður.
**Verð: 169.900 kr.**

Nú **119.900 kr.**

25%



## AVIGNON hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skammel.
Brúnt, svart, dökkgrátt eða rautt PVC leður.
**Verð: 199.900 kr.**

Nú **149.925**

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
558 1100

**11 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**www.husgagnahollin.is**
**www.betrabak.is**
**www.dorma.is**

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# SUMAR útsala

## Lýkur 11. júlí



25%

**LICATA** tungusófi
Tungusófi í Kentucy eða dökkgráu áklæði Vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. 265 x 165 x 82 cm.
**Fullt verð: 269.900 kr.**
*Fæst einnig í fleiri útfærslum.*

Nú **202.425 kr.**



**ELEGANCE** heilsudýna
Frábær heilsudýna sem hefur verið vinsæl hjá þeim sem velja gæði. Gormakerfi Elegance er mýkra við axlasvæðið og mjaðmir og stífara við miðjusvæði. Dýnan er samansett úr 9 lögum af mismunandi svampi og náttúrlegu latexi sem gerir hana sérstaklega þægilega og hentar hún vel þeim sem vilja miðlungs til mikinn stuðning.
**180 x 200 cm. Verð 154.900 kr.**
*Einnig til í fleiri stærðum. Rúmbotn seldur sér.*

Nú **123.920 kr.**



40%

**STELLA** sófi
2ja sæta sófi í bláu eða grænu áklæði. 160 x 85 x 78 cm.
**Verð 119.900 kr.**
*Einnig til 3ja sæta.*

Nú **71.940 kr.**



50%

**DANADREAM**
Ergo magic koddi
Dúnkoddi með stífum innri kjarna úr minnissvampi.
**Verð: 14.900 kr.**

Nú **7.450 kr.**



50%

**S.BEDDING**
dúnsæng
Dúnsæng. 1300g 85% smáfiður, 15% hreinn andadúnn. 135 x 220 cm.
**Verð: 14.900 kr.**

Nú **7.450 kr.**



25%
AFSLÁTTUR
MISTRAL HOME
RÚMFÖTUM

140x200 cm
**Fullt verð: 10.990 kr.**

Nú **8.243 kr.**

DORMA
Láttu drauminn rætast
Betra BAK
HÚSGAGNA HÖLLIN

# Íbúðafjöldi tvöfaldast í Hrafnagilshverfi



■ Hluti Hrafnagilshverfis í Eyjafjarðarsveit. Hverfið mun líkast til taka miklum breytingum á næstu árum.

**Með nýju deiliskipulagi Hrafnagilshverfis, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, tvöfaldast íbúðafjöldi hverfisins frá því sem nú er. Stærsta breytingin í hverfinu felst í flutningi þjóðvegarins út úr hverfinu en með tilfærslu vegarins og öðrum breytingum á fyrra deiliskipulagi verður unnt að þétta byggðina í hverfinu umtalsvert. Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar, vonast til að hægt verði á síðari hluta ársins að hefja undirbúning úthlutunar nýrra lóða í hverfinu, byggt á nýja deiliskipulaginu.**

**Mikið spurt um lóðir**

Nýja skipulagið rúmar 80 íbúðir í Hrafnagilshverfi til viðbótar þeirri byggð sem nú er, sem er tvöföldun. Finnur Yngvi segir talsverða eftirspurn. „Það er mikið spurt um lóðir í hverfinu og margir bíða hreinlega eftir þeim tímapunkti að við auglýsum lausar lóðir til umsóknar,“ segir Finnur en að stærstum hluta gerir nýtt skipulag hverfisins ráð fyrir einbýlishúsalóðum en auk þess raðhúsaíbúðum og fjórbýlishúsum. Einnig er gert ráð fyrir viðbyggingu við fyrrum heimavistarhúsnæði Hrafnagilsskóla þar sem ætlunin er að byggja íbúðir fyrir eldri borgara og má einnig nefna hugmyndir um þjónustuhús austan félagsheimilisins Laugaborgar þar sem möguleiki er á verslun á jarðhæð.

**Gjörbreytt ásýnd hverfisins**

„Fyrir utan fjölgun íbúða og þéttingu byggðar á ákveðnum svæðum hverfisins þá er þessi breyting mjög stórt umferðaröryggismál fyrir íbúa hverfisins þar sem þung umferð er færð út úr hverfinu. Öll ásýnd hverfsins breytist við þá aðgerð en í skipulagsvinnunni var líka lögð áhersla á græn svæði, gönguleiðir innan hverfisins og slíkt. Við leggjum upp með að Hrafnagilshverfi verði bæði hlýlegt og heildstætt að þessari uppbyggingu lokinni,“ segir Finnur Yngvi.

**esveit.is**

# AKUREYRARAPÓTEK ER OPIÐ ALLA DAGA ÁRSINS

| | |
|---|---|
| VIRKA DAGA | 9-18 |
| LAUGARDAGA | 10-16 |
| SUNNUDAGA | 12-16 |




AKUREYRAR**APÓTEK**

www.akap.is • Kaupangi v/ Mýrarveg • sími 460 9999




■ Eva Hrönn Arnardóttir og Helena Rut Kristmundsdóttir í Sportverisegja Nike fatnaðinn sívinsælan og hafa þróast í að vera lífstíls- og götufatnað. Nike og önnur heimþekkt merki í íþrótta- og útivistarfatnaði er að finna í versluninni og það sama á við um skódeild verslunarinnar.

# Íþróttafötin orðin lífstíls- og götufatnaður

**Íþróttafatnaður er nú orðin meiri lífstíls- og götufatnaður. Nike kjóll og flottir hvítir íþróttaskór er fullkomið dress fyrir hvaða viðburð sem er," segja þær Eva Hrönn Arnardóttir og Helena Rut Kristmundsdóttir en þær standa vaktina í Sportveri á Glerártorgi. Sumarið er mætt í verslunina þó svo að veðrið sé stundum að stríða íbúum norðan heiða. Þær bæta við að Techflees og Club bómullarlínurnar frá Nike séu einnig alltaf jafn vinsælar.**

„Hjá okkur er að finna allt það helsta til að rækta líkama og sál," segja þær. Öll helstu íþróttamerkin eru í boði og mikið um litadýrð í búðinni í bland við mildari jarðliti, brúnt, grænt og gult. Mildir pastellitir eru líka vinsælir.

**Fallegur klæðilegur fatnaður í úrvali**

Þegar kemur að útivistarfatnaði eru litir meira áberandi og jafnvel verið að blanda saman ólíkum litapallettum, „mikil gleði og sýnileiki þar á ferðinni," segja þær. Stærstu merkin þegar kemur að útivistarfatnaði eru Helly Hansen, Cintamani og Kari Traa. „Þetta er fallegur, klæðilegur og teknískur fatnaður í fallegum litum. Gamla góða Cintamani fer vaxandi hjá okkur í Sportveri enda merki sem býður upp á hágæða útivistarvöru," segja þær stöllur. „Við finnum að tískan er aðeins að breytast. Það eru aftur að koma útvíðar skálmar, háar buxur í mittið og stuttir toppar við."

**Hvítir skór alltaf flottir**

Skódeildin í Sportveri skiptist í tvær deildir. Annars vegar eru í boði tískuskór, svo sem Jódis, Sixmix, Vans og Björn Borg ásamt öðrum flottum skótegundum. Hins vegar er íþróttaskódeild þar sem öll helstu merkin eru í boði; Nike, Hoka, On og Brooks. „ Hvítir íþróttaskór eru lang vinsælastir í dag sem götuskór, enda flottir við öll tækifæri," segja Eva og Helena.

Sundfatadeildin stendur alltaf fyrir sínu enda sund og náttúruböð í miklum blóma hér á Norðurlandi. Speedo er aðal sundfatamerkið en fleiri merki í boði eins og Trofé, Athlecia og Cruze.

**sportver.is**


GOÐI
HAFÐU ÞAÐ GOTT.
HAFÐU ÞAÐ GRILLAÐ.

# Góð verkfæri – gulli betri!

**Verkfærasalan á Akureyri er í orðsins fyllstu merkingu heimur iðnaðarmannsins. Allt sem hugurinn girnist í stórum sem smáum verkfærum; rafmagnsverkfæri, handverkfæri, festingavörur, efnavörur, garðverkfæri, lyftibúnaður og tjakkar, rafmagnsvörur og ljós, skurðar- og slípivörur, stigar og pallar, stærri vélar og tæki, vinnufatnaður og öryggisbúnaður, svo það helsta sé nefnt.**

**Milwaukee verkfærin vinsæl á Íslandi**

Verkfærasalan er með mikið úrval af Milwaukee verkfærum sem hafa reynst mjög vel á Íslandi.

„Fagmenn tala meðal annars um hversu endingargóðar rafhlöðurnar eru, bæði M18 og M12 rafhlöður. Þeir hjá Milwaukee vinna náið með iðnaðarmönnum og eru sífellt að þróa í samvinnu við fagfólkið nýjar og betri lausnir, sem eru sérhannaðar fyrir hvert fag. Milwaukee hafa einnig verið leiðandi í hönnun á stórum rafmagnsverkfærum sem leysa bensínverkfæri af hólmi með MX FUEL línunni," segir Elmar Björnsson, sölumaður í Verkfærasölunni á Akureyri sem er til húsa í Tryggvabraut 24, gengið inn frá Furuvöllum.



■ Milwaukee er eitt stærsta merkið hjá Verkfærasölunni.

**Verkfæri fyrir alla**

„Ryobi rafmagnsverkfærin hafa einnig verið að vaxa mikið hjá okkur. Ryobi verkfærin hafa reynst vel og þau eru mjög vinsæl hjá fólki í framkvæmdum og hjá þeim sem vilja gera hlutina sjálfir.

Við erum einnig með mörg önnur gæðamerki, t.d. Hultafors, Wera, Gedore, Yato, Telwin, Knipex og fleiri. Erum með mikið úrval af rafhlöðu garðverkfærum, t.d. sláttuvélar, orf, keðjusagir og hekkklippur svo eitthvað sé nefnt," segir Elmar og vekur athygli á að Verkfærasalan er nú að fara að taka inn Helly Hansen vinnufatnað sem er stærsta merki í vinnufatnaði í dag.

„Við hjá Verkfærasölunni leggjum mikið upp úr góðri þjónustu við okkar viðskiptavini og leggjum okkur fram um að gefa viðskiptavinum góða ráðgjöf varðandi verkfæri og aðrar vörur sem henta fyrir verkefnin. Þú finnur rétta verkfærið hjá okkur," segir Elmar.

**vfs.is**




■ Verkfærasalan er til húsa við Tryggvabraut 24, gengið inn frá Furuvöllum.

# Allt í veiðina



G·Loomis®

SHIMANO

ÚTIVIST & VEIÐI

***útivistarverslun*** **-** Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri

Sími 461 1516 - www.utivistogveidi.is

# Hótel Kaldi og Kaffihúsið Kaldi opna í ágúst

**Eigendur Bruggsmiðjunnar Kalda og Bjórbaðanna á Árskógssandi láta ekki deigan síga í ferðaþjónustuuppbyggingunni á staðnum og vinna nú hörðum höndum að því að opna fyrstu herbergin í Hótel Kalda á Árskógssandi í ágúst. Um er að ræða fyrrum fiskvinnsluhús á staðnum þar sem koma til með að verða 16 herbergi, auk kaffihúss en í byrjun verða fimm herbergi tekin í gagnið. Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar og Bjórbaðanna segir gamlan draum að rætast með opnun gististaðar á Árskógssandi.**



■ Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdstjóri Bruggsmiðjunnar og Bjórbaðanna.

### Fiskhús í nýjum hlutverkum

„Við verðum að auki með 50 manna útleigusal í hótelinu en markmiðið er að öll herbergin verði komin í gagnið innan árs. Þessi hugmynd hefur blundað í okkur lengi en við sjáum í þessu tækifæri til að þjóna enn betur viðskiptavinum okkar í Bjórböðunum. Nú getum við boðið þeim að stoppa lengur og njóta þess sem við höfum að bjóða og við sjáum fyrir okkur að ferðafólk velji að ljúka ferðadeginum í spainu hjá okkur, nýta sér veitingastaðinn okkar og gista síðan á hótelinu. Við erum mikið spurð um möguleikann á gistingu á staðnum,“ segir Agnes en hótelið er staðsett við höfnina á Árskógssandi. „Með sama hætti kemur kaffihúsið líka til með að nýtast farþegum Hríseyjarferjunnar þannig að við sjáum bara tækifæri í þessari uppbyggingu.“



■ Bjórböðin laða að bæði erlenda og innlenda ferðamenn.

### Bjartsýn og jákvæð á ferðaþjónustuna

Hjólin eru farin að snúast vel í Bjórböðunum eftir farldurinn og eru gestir sem fyrr bæði erlendir og innlendir. Bjórframleiðslan í Bruggsmiðjunni eykst einnig jafnt og þétt og á þessum árstíma er Sumarkaldi í sölu, auk hefðbundinna vörumerkja. Þá valdi Niceair bjór frá fyrirtækinu til að bjóða sínum farþegum, sem Agnes segist þakklát fyrir.




■ Tími Sumar-Kalda er kominn hjá Bruggsmiðjunni og bjórinn kominn í verslanir.

„Ég er heilt yfir bjartsýn og jákvæð á framhaldið og ferðaþjónustuna. Ég held að við höfum lært betur að njóta, sýna þolinmæði og virðingu í gegnum þennan tíma. Það er jákvætt,“ segir hún.



■ Fyrstu herbergin í nýja hótelinu eru að taka á sig mynd.

**bjorbodin.is**
**bruggsmidjan.is**

# Falleg gjafavara

Skemmtilegt og fjölbreytilegt úrval gjafavöru
og heimilisvöru frá HAY




Viskustykki 2 stk
**3.999 kr.**




Blómavasi Splash
**9.999 kr.**




Sowden stálbox 20cm
**1.649 kr.**




Sowden brauðrist
**14.999 kr.**




Kertastjaki Arcs
**5.619-8.479 kr.**




Kertastjaki Complot
**9.899 kr.**.




Gler skeiðar 3 stk
**5.499 kr.**

www.penninn.
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar

Penninn Eymundsson

# Færri slys eftir opnun Vaðlaheiðarganga

**Vaðlaheiðargöng, sem eru undir Vaðlaheiði og tengja Eyjafjörð og Fnjóskadal, voru opnuð fyrir umferð 21. desember 2018. Farin var ný leið í innheimtu veggjalds í göngunum, snertilaus sjálfsafgreiðslulausn í gegnum vefsíðuna veggjald.is, þar sem einnig er að finna allar upplýsingar um verð og greiðslufyrirkomulag.**

Greiðslukerfi ganganna hefur í öllum meginatriðum reynst mjög vel og viðskiptavinir sem nota göngin mikið verið ánægðir með veggjaldsappið. Þar má m.a. sjá yfirlit allra ferða um göngin auk þess sem hægt er að skrá fleiri bíla á sama greiðslukortið. Greiðslufyrirkomulagið var vissulega nokkuð framandi fyrir marga en þorri vegfarenda hefur verið fljótur að tileinka sér þennan greiðslumáta.



■ **Umferð um Vaðlaheiðargöng hefur jafnt og þétt aukist frá opnun þeirra.**

Á veggjald.is eru keyptar stakar ferðir í göngin og einnig er þar boðið upp á að stofna aðgang og njóta afsláttarkjara. Vert er að undirstrika að hvorki þarf að skrá né greiða fyrir aftanívagn, eingöngu ökutækið sem dregur. Einnig geta ökumenn bifhjóla ekið göngin án endurgjalds.

Reynslan af Vaðlaheiðargöngum hefur verið góð og umferð um þau hefur smám saman verið að aukast. Vegna kóvidfaraldursins hefur þó síðustu tvö ár orðið samdráttur í umferð erlendra ferðamanna en það sem af er þessu ári er greinilegt að erlendum ferðamönnum er aftur að fjölga í landinu.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur umferðarslysum fækkað á leiðinni milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals eftir að Vaðlaheiðargöng voru tekin í notkun. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru fimmtán slys með meiðslum eða alvarleg slys á þessari leið á árunum 2016-2018 en eftir að göngin voru opnuð fækkaði þeim í tvö á árunum 2019-2021. Í þau rúmu þrjú ár sem göngin hafa verið opin hefur ekkert slys með meiðslum verið skráð inn í göngunum og að gatnamótum Víkurskarðsvegar við Fnjóská.

**veggjald.is**





vfs.is
KLIPPA
SLÁ HREINSA
SAGA
KANTSKERA
BORA HEFTA
SOGA
LÍMA
RYOBI
18V ONE+
EIN RAFHLAÐA
+ öll verkfæri fyrir garðinn, heimilið og bílskúrinn
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# Náttúrulind á heimsmælikvarða

**Jarðböðin við Mývatn eru í Jarðbaðshólum, um 4 km frá Reykjahlíð en þau voru opnuð sumarið 2004. Sá staður var ekki valinn af handahófi því þar hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld. Jarðböðin eru staður fyrir þá sem njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Þau eru sannkölluð náttúrulind á heimsmælikvarða.**

**Einstök efnasamsetning**
Í Jarðböðunum er boðið upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni, heitan pott og bar úti í lóninu. Öll aðstaða fyrir gesti er góð, búningsklefar með læstum skápum, útiklefar og góðar sturtur. Hægt er að leigja sundfatnað, handklæði og baðsloppa. Sjálft baðlónið er manngert og botninn þakinn sandi og fíngerðri möl. Vatnið er mjög steinefnaríkt og basískt og því frábært til böðunar. Það er einnig silkimjúkt viðkomu og ýmislegt bendir til þess að vatnið hafi jákvæð áhrif á húðvandamál. Vatnið er brennisteinsríkara en almennt þekkist og er talið hafa góð áhrif á astma og aðra öndunarfærasjúkdóma.

**Kaffi Kvika**
Gestir Jarðbaðanna geta sest niður fyrir eða eftir bað og notið léttra veitinga í opnum og björtum sal. Á sólardögum er upplagt að setjast á útisvæðinu, fá sér súpu og salat og njóta góða veðursins. Á hverjum degi er meðal annars boðið upp á súpu dagsins ásamt nýbökuðu brauði, nýsmurðum samlokum, ostaboxum, ávaxtasalati, fersku salati og hverabrauði með reyktum silungi. Kaffivélin er í gangi allan daginn og alltaf má finna bakkelsi við hæfi.

**Spennandi tímar**
Framundan eru afskaplega spennandi tímar í Jarðböðunum þar sem stefnt er á að opna nýja aðstöðu árið 2024. Lónið verður einnig stækkað og aðlagað að nýbyggingunni. Allt eru þetta liðir í að nútímavæða aðstöðuna, auka ánægju og upplifun gesta, hækka þjónustustigið og bæta starfsumhverfi.

Upplýsingar um opnunartíma, verð og fleira má finna á heimasíðunni jardbodin.is og það er eindregið mælt með því að bóka fyrirfram, til að tryggja sér miða.

**Jarðböðin við Mývatn**

**Jarðbaðshólum**
**Sími 464-4411**
**info@jardbodin.is**
**www.jardbodin.is**
**#myvatnnaturebaths**
**#jardbodin**



■ Vatnið í Jarðböðunum er steinefnaríkt, basískt og brennisteinsríkt og því frábært til böðunar og heilsubótar.




JB ehf ÚR & SKART
Kaupvangsstræti 4 · 600 Akureyri · Sími 462 5400 · www.jb.is

TISSOTWATCHES.COM

## Hesja ehf. og AB varahlutir í Frostagötu

# Nýtt og spennandi merki í ferðatækjum

**Vinsældir fjórhjóla, buggybíla og annarra ferðatækja aukast á hverju ári og úrvalið af tækjum eykst sífellt. Meðal mest spennandi nýjunganna eru Segway tækin sem mættu með hvelli á þennan markað. Segway merkið þekkja margir fyrir heimsþekktu standhjólin, þessi sem flestir hafa séð til dæmis á flugvöllum, í verslunarmiðstöðvum og víðar. Þau er oftast einfaldlega kölluð Segway. Það nýjasta frá Segway eru fjórhjól, buggybílar og vinnubílar sem þú finnur hjá Hesju ehf. og AB varahlutum í Frostagötu 2 á Akureyri.**



■ Það nýjasta frá Segway eru fjórhjól, buggybílar og vinnubílar.

**Ekki lengur ákveðinn hópur**

„Ég myndi segja að það skemmtilegasta sem hefur verið að breytast í fjórhjólaheiminum á Íslandi er að þetta er ekki lengur einn ákveðinn hópur. Það er allskonar fólk að fá sér fjórhjól. Þetta er orðin mjög vinsæl leið til að ferðast um landið og fara á staði sem flestir hafa ekki komið á áður,“ segir Valgeir Andri hjá Hesju ehf. „Við erum að nálgast tveggja ára reynslu á Segway fjórhjólunum á Íslandi og þau eru að koma frábærlega út. Segway veit alveg hvernig á að gera hlutina og þjónustan er upp á 10. Þau koma vel út í öllum samanburði, bæði hvað varðar verð og gæði. Þau koma öll vel útbúin svo þú færð mikið fyrir peninginn í þessum hjólum,“ segir Valgeir Andri.

**Britax barnastólarnir klárir í sumarið**

Í verslun Hesju ehf. og AB varahluta á Akureyri finnur þú allt fyrir bílinn og líklega mesta úrval bæjarins af barnabílstólum. Britax merkið er heimsþekkt fyrir öryggi, endingu og þægindi. Valgeir Andri hvetur fólk til að kynna sér vel úrvalið af barnastólum. „Ég mæli með að fólk renni við, kynni sér stólana vel og jafnvel máti í bílana og láti börnin prófa. Þetta er mikið öryggisatriði og því mikilvægt að velja réttan stól.“

**hesja.is**




■ Verslun AB varahluta er í Frostagötu 2 á Akureyri.

Rúbín

# NÝJAR
ENDURVINNANLEGAR
# UMBÚÐIR
- SAMA GÓÐA KAFFIÐ!




Íslensk framleiðsla síðan 1924

Tónabúðin

# Krefjandi tímar í innflutningi

**Tónabúðin er dæmi um verslun sem treystir á skilvirka keðju í framleiðslu búnaðar og millilríkjaflutninga á vörum. Talsverðar truflanir hafa sér í lagi orðið í framleiðslu á hvers kyns rafeindabúnaði í heiminum í heimsfaraldrinum og komið niður á þeim búnaði sem Tónabúðin sérhæfir sig í sem öðru. Trausti Ingólfsson, verslunarstjóri hjá Tónabúðinni á Akureyri, segir að engu að síður hafi gengið ágætlega að fá hljóðfæri, hljóðkerfi og tengdar vörur að undanförnu og úrvalið í versluninni sé gott.**



■ Gítarar í úrvali. Þó af ýmsum ástæðum gangi vöruinnflutningur hægar en áður er vöruúrvalið mikið í Tónabúðinni þessa dagana.

### Millirikjaflutningar kostnaðarsamari

„Ástandið á þessu sviði hefur verið krefjandi í talsverðan tíma en við getum ekki kvartað því við höfum í raun verið heppnir miðað við aðstæður. Það er hins vegar staðreynd að í innflutningi eins og við byggjum á þá hafa orðið miklar hækkanir á flutningskostnaði sem óhjákvæmilega fara út í verðlagið. Þær hækkanir hófust í raun löngu áður en innrás Rússa í Úkraínu hófst og tengdust þeim atburðum því ekki með beinum hætti,“ segir Trausti. En óneitanlega hefur allt áhrif.

### Traust viðskiptasambönd við framleiðendur

Tónabúðin á stóran og rótgróinn hóp viðskiptavina enda byggir hún á áratuga sögu í verslun á Akureyri, allt frá því Pálmi Stefánsson stofnaði Tónabúðina árið 1966. Á öllum sviðum er sífelld þróun, hvort heldur er í hljóðfærunum sjálfum eða tækjanúnaði sem tónlistarflutningi tengist en segja má að Tónabúðin spanni allt sviðið þegar kemur að tónlistarflutningi, hljóðkerfum, upptökum og þannig mætti áfram telja.

„Við búum svo vel að hafa átt viðskipti við marga heimsþekkta framleiðendur svo áratugum skiptir. Það skiptir miklu máli fyrir okkur og okkar viðskiptavini,“ segir Trausti.

Tónabúðin er í dag rekin í samstarfi við Hljóðfærahúsið í Reykjavík og reka búðirnar sameiginlega vefverslun á vefslóðinni www.hljodfaerahusid.is.

**tonabudin.is**
**hljodfaerahusid.is**




■ Tónabúðin við Glerárgötu hefur í áratugi þjónustað tónlistarmenn og allt það sem tónlistarflutningi tengist.

# HEFUR FJÖLSKYLDAN STÆKKAÐ EN EKKI ÞVOTTAVÉLIN?



ELKO

ELKO ehf. | Lindum - Skeifunni - Granda - Akureyri - Flugstöð | 544 4000 | elko@elko.is

# Viljum að starfsfólki líði vel í vinnunni

**Það hafa verið miklar áskoranir undanfarið að fá fólk til starfa alls staðar, atvinnuleysi fer minnkandi og samkeppni um fólk er mikil. Því erum við mjög þakklát fyrir hversu vel hefur gengið að ráða inn fólk hjá okkur. Ráðningar fyrir sumarið fóru fram úr okkar væntingum," segir Kristín Dögg Höskuldsdóttir mannauðsstjóri hjá Hreint.**

Hreint er eitt elsta ræstingafyrirtæki landsins, stofnað árið 1983 og starfa um 200 manns hjá fyrirtækinu. Það starfar á nokkrum stöðum á landinu, hefur til að mynda verið með starfsemi á Akureyri undanfarin 15 ár. „Við höfum gott starfsfólk á Akureyri og eigum góða sögu í bænum sem við viljum fyrir alla muni viðhalda," segir Kristín.

Hún segir að mikið sé lagt upp úr mannauðsmálum hjá fyrirtækinu, áhersla sé á góðan starfsanda, gott vinnuumhverfi og að fólk hafi val um sveigjanlegan vinnutíma. Í boði sé dag-, kvöld,- og helgarvinna eftir því sem hentar hverjum og einum. Að jafnaði starfi fólk lengi hjá fyrirtækinu, starfsmannavelta sé lítil. Frá árinu 2008 hafa yfir 100 viðurkenningar verið veittar fyrir langan starfsaldur.

„Það skiptir okkur miklu máli að fólki líði vel í vinnunni. Fólk vinnur flest á mörgum verkstöðum en er engu að síður hjarta fyrirtækisins. Það er því verðugt en krefjandi verkefni að láta öllum líða vel. Við kappkostum að gera vinnuumhverfið aðlaðandi, gera eitthvað fyrir okkar starfsfólk, viðburði af ýmsu tagi svo dæmi séu nefnd og í hverjum mánuði veitum við starfsmanni mánaðarins viðurkenningu," segir Kristín.

Hreint fékk jafnlaunavottun árið 2021 og er áhersla á jöfn réttindi kynjanna og samfélagsleg ábyrgð ofarlega á blaði hjá fyrirtækinu.

**hreint.is**




■ Kristín Dögg Höskuldsdóttir, mannauðsstjóri hjá Hreint.


Velkomin!
Flugsafn
Public Library
Art Museum
Iðnaðarsafn
Upplýsingamiðstöð
Nonnahús
Camping
Eymundsson
HOTEL KEA
Akureyri er skemmtileg
og við tökum vel á móti þér!
Kaupmannafélag
Akureyrar

# Saga bílsins í Ystafelli

Samgönguminjasafnið Ystafelli í Þingeyjarsveit er eitt það stærsta sinnar tegundar á landinu og má þar sjá margan glæsivagninn, bíla og tæki af öllum gerðum og stærðum. Í sýningarhúsnæði safnsins eru um 100 ökutæki og eru mörg þeirra afar fágæt. Sem dæmi má nefna Ford T árgerð 1914 sem eina helstu skrautfjöður safnsins en hann er sá bíll sem talinn er elstur hér á landi.




■ Það er eins og að hverfa aftur í tímann að ganga um sýningarsalina í Ystafelli og sjá alls kyns ökutæki fyrri tíma, djásn sem nutu aðdáunar á sínum tíma og njóta enn.



■ Þennan Ford T árgerð 1934 má sjá í Ystafelli. Kristján bílakóngur á Akureyri keypti bílinn nýjan til landsins.

Í stuttu mál er sjón sannarlega sögu ríkari í heimsókn á Samgöngusafnið Ystafelli. Fágætir fólksbílar, jeppar, bílar frá stríðsárunum á Íslandi, dráttarvélar, snjóbíll, skriðdreki, vinnuvélar, vörubílar, mótorhjól og þannig mætti lengi telja. Enginn bílaáhugamaður lætur þetta safn framhjá sér fara.

Opið er á Samgönguminjasafninu Ystafelli alla daga kl. 11-18 til loka september. Aðgangseyrir er 1.200 kr. og frítt fyrir börn yngri en 12 ára.

**ystafell.is**




Baðaðu þig
í sumarsól
á Akureyri!

Sundlaug Akureyrar

Afgreiðslutími í sumar: Kl. 06:45-21:00 virka daga
laugardaga kl. 08:00-21:00, sunnudaga kl. 08:00-19:30




# Bætt hreinlæti í nýjum heimi

**Þarftu að aðlaga þig að breyttum heimi?**

Auknar kröfur til fyrirtækja um bætt hreinlæti, betri sóttvarnir og umhverfisvænar lausnir kalla á nýja nálgun.

Lausnir sem stuðla að betri heilsu starfsfólks og viðskiptavina.

**Hafðu samband og fáðu ráðgjöf.**

Hafðu samband við Eydísi í síma 822-1870 • eða sendu póst á eydis@hreint.is og fáðu ráðgjöf •



Hreint RÆSTING

hreint.is s: 589 5000 hreint@hreint.is

SVANSMERKIÐ Ræstingaþjónusta 1076 0023

2017–2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

# „Mjög spennt að bjóða fjölbreytt og hagstætt vöruúrval Krónunnar á Akureyri“

## segir Bjarki Kristjánsson, verslunarstjóri nýrrar verslunar Krónunnar á Akureyri




■ Bjarki Kristjánsson, verslunarstjóri Krónunnar á Akureyri.



■ Nýtt hús Krónunnar á horni Tryggvabrautar og Hvannavalla er óðum að taka á sig mynd. Stefnt er að opnun verslunarinnar í byrjun nóvember.

**Við finnum fyrir mikilli eftirvæntingu hjá Akureyringum og hlökkum mjög til þess að bjóða viðskiptavinum okkar fjölbreytt vöruúrval Krónunnar á hagstæðu verði, ásamt nýstárlegri þjónustu á borð við Skannað og skundað sem er skanni og sjálfsafgreiðslulausn í símanum. Opnun Krónunnar er í mínum huga stór viðburður fyrir verslun á Akureyri,“ segir Bjarki Kristjánsson, verslunarstjóri matvöruverslunar Krónunnar sem opnuð verður á Akureyri í byrjun nóvember. Bjarki er Akureyringur í húð og hár, hefur að baki sér langa reynslu í verslunarstörfum þó ungur sé að árum og segist mjög spenntur fyrir verkefninu. Til undirbúnings rekstri verslunarinnar á Akureyri hefur Bjarki starfað síðasta hálfa árið í verslunum Krónunnar á Suðvesturhorninu.**

### Áhersla á ferskvöru og stóraukið matvöruúrval

Bjarki segir að með opnun Krónunnar á Akureyri fái Norðlendingar marga nýja valkosti á matvörusviðinu.

„Vöruúrval Krónunnar er um margt frábrugðið því sem í boði er og hefur verið í matvöruverslunum á Akureyri og ég held að einmitt þess vegna bíði fólk þess með eftirvæntingu að fá Krónuverslun norður. Aðalsmerki þessarar verslunar, líkt og annarra verslana Krónunnar, verður breitt úrval af góðri ferskvöru, bæði í ávextum og grænmeti sem og kjöti,“ segir Bjarki og vekur athygli á að í verslun Krónunnar á Akureyri verður hið klassíska kjötborð Krónunnar þar sem kjöti er pakkað á staðnum. „Ég veit að margir Norðlendingar hafa fyrir reglu að versla í Krónunni þegar þeir fara suður og sömuleiðis hafa margir Akureyringar og Norðlendingar búið fyrir sunnan og kynnst þar vörum Krónunnar. Það er þess vegna stór hópur fólks sem veit að hverju hann gengur í vöruúrvali hjá okkur og bíður spenntur. Ég tel að Krónan fylli það skarð sem verið hefur í matvöruverslun í bænum,“ segir Bjarki.

### Tveir nýir „take-away“ staðir

Nýtt hús Krónunnar á Akureyri er rösklega 2000 fermetrar að stærð. Í samstarfi við Krónuna verða einnig tveir nýir „take-away“ staðir í versluninni.

„Annar þeirra er glænýr staður sem við setjum upp í góðu samstarfi við veitingahús á Akureyri en hinn staðurinn er á vegum veitingastaðar á höfuðborgarsvæðinu. Fjölbreytni í veitingaþjónustu í bænum eykst því líka með tilkomu Krónunnar og verða mikil þægindi fyrir fólk að geta gripið með sér tilbúna rétti samhliða innkaupunum í Krónunni,“ segir Bjarki og leggur áherslu á að Krónan muni einnig eiga gott samstarf við norðlenska matvælaframleiðendur og norðlenska birgja.

**kronan.is**



Allt fyrir tónlistarmanninn
Taylor
YAMAHA
– Tónlist er fyrir alla –
TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 30 | 600 Akureyri | Sími 462 1415
www.tonabudin.is
Stofnað
1966

# Svo miklu meira en bókaverslun!

**Erlendu ferðamennirnir eru byrjaðir að streyma til okkar á nýjan leik og nú þegar sumarleyfin fara í fullan gang innanlands þá förum við að sjá meira af innlendu ferðafólki,“ segir Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson í miðbæ Akureyrar.**

Guðný segir það margsannað mál að staðsetning verslunar Pennans Eymundsson á horni Hafnarstrætis og Kaupvangsstrætis sé ein sú allra besta í bænum.

„Þegar fólk kemur í miðbæinn þá kemur það til okkar og til að mynda er mikið að gera þegar skemmtiferðaskip liggja við bryggju. Farþegar sem ekki fara í skipulagðar ferðir fara mikið um bæinn, fara upp að Akureyrarkirkju eða í Lystigarðinn og þá er kjörið að koma við hjá okkur. Við erum svo miklu meira en bóka- og ritfangaverslun. Hjá okkur fæst innlend og erlend hönnunarvara, húsgögn, skrautmunir og gjafavara og þannig mætti áfram telja.

Við erum með heimsþekkt merki í ýmsum hönnunarvörum og staðreyndin er sú að ferðamenn kaupa talsvert af smærri vörum í slíkri merkjavöru því hún er á hagstæðu verði. En svo eru aðrir sem nota tækifærið til að setjast niður á kaffihúsinu hjá okkur til að njóta stundarinnar og fylgjast með mannlífinu. Ég er bjartsýn á sumarið,“ segir Guðný.



■ **Verslun Pennans Eymundsson er í hjarta miðbæjarins á Akureyri og laðar til sín þúsundir ferðamanna árlega.**

**eymundsson.is**

# Tjöld og hjól í Útvist og veiði

**Við erum með mikið úrval af tjöldum, hvort heldur er fyrir gönguferðina eða útileguna, ásamt vönduðum svefnpokum og dýnum. Hingað kemur fólk sem er að leita af vandaðri vöru í útileguna. Ég held þess vegna að tími tjaldanna sé alls ekki liðinn,“ segir Sveinn Guðmundsson í versluninni Útivist og veiði í Kaupvangsstræti 4 þar sem óhætt er að segja að hægt sé að fá allan búnað fyrir útivistina í sumar. Allan fatnað, gönguskó, göngustafi, tjöld, svefnpoka, bakpoka, sólgleraugu, Sup bretti, þurrgalla og fleira. Núna selur Útivist og veiði líka reiðhjól.**

**Hygge hjól á hagstæðu verði**

Hjólin eru af gerðinni Hygge og eru til í fullorðinsstærðum, bæði karlmannahjól og kvenreiðhjól, rafmagnsknúin. Einnig er Útivist og veiði með samanbrjótanlegt rafmagnshjól frá Hygge sem er frábær kostur þegar fólk er á ferðalagi um landið og getur sett hjólin með töskunum í skottið á bílnum!

„Hygge eru vönduð dönsk hjól sem hafa reynst mjög vel og eru á sérlega hagstæðu og samkeppnisfæru verði. Hjólasportið er í mikilli sókn og rafmagnshjólin hafa opnað alveg nýjan heim í þessu sporti fyrir stóran hóp fólks. Ég fullyrði að Hygge er góður kostur,“ segir Sveinn.



■ **Dönsku hjólin frá Hygge.**



■ **Vönduð tjöld – klár í útleguna og gönguferðina.**

**utivistogveidi.is**




JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

jardbodin.is

# Hátíðin Ein með öllu snýr aftur af fullum krafti

Markmiðið er bara að setja saman góða hátíð í bænum og hafa gaman. Það er mikil frelsun að komast aftur af stað og skipuleggja viðburði eftir faraldurinn og vonandi verður stemmningin á Akureyri um verslunarmannahelgina jafn mikil og skemmtileg og hún var áður en hann skall á," segir Davíð Rúnar Gunnarsson hjá Viðburðastofu Norðurlands en þar á bæ er þessa dagana verið að undirbúa hátíðina Ein með öllu um verslunarmannahelgina.

Margir kunnuglegir viðburðir verða á dagskránni og má þar nema Mömmur og möffins og Sparitónleikana sem verða líkt og áður hápunktur og jafnframt lokaatriði dagskrárinnar. Tónleikarnir verða sem fyrr á flötinni fyrir framan leikhúsið og þar koma fram landsþekktir tónlistarmenn .

„Sem dæmi um skemmtikrafta sem verða í bænum um verslunarmannahelgina má nefna Pál Óskar, Birni, Stjórnina og ClubDub. Tívolíið verður sett upp eins og áður og fullt af skemmtilegum söluvögnum í bænum. Sannkölluð hátíð um allan bæ," segir Davíð Rúnar um dagskrána sem þessa dagana er stöðugt að taka á sig mynd og þéttast. Hægt er að fylgjast með henni á heimasíðu hátíðarinnar, www.einmedollu.is



■ Páll Óskar tryllir Norðlendinga á Einni með öllu.



■ Hljómsveitin Stjórnin er í miklu stuði þessi misserin og mætir norður.


KURTEISI KOSTAR EKKI NEITT

Taktu hana með í næstu verslunarferð!



FVSA
FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

www.fvsa.is


lindex.is
LINDEX

ICELANDAIR

# Skelltu þér suður



icelandair.is




**Það er stutt að skreppa með flugi**
Viltu hitta fjölskyldu og vini fyrir sunnan? Fara kannski í notalega helgarferð, kíkja á tónleika eða þarftu einfaldlega að fara á fund? Við fljúgum allt að fjórum sinnum á dag og það tekur einungis um 40 mínútur.

**Tryggðu þér sæti tímanlega.**